



Atvinnuvegaráðuneytið
Borgartúni 26
105 Reykjavík

Sent á samráðsgátt

Reykjavík, 3. apríl 2025

Efni: Umsögn Samtaka íðnaðarins um drög að frumvarpi um breytingu á lögum um veiðigjöld, mál nr. S-62/2025

Samtök íðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „samtökin“) hafa tekið til umsagnar drög að frumvarpi um breytingu á lögum um veiðigjöld, mál nr. S-62/2025. Með frumvarpsdrögunum eru lagðar til breytingar á aflaverðmæti einstakra nytjastofna sem miðað er við þegar reiknistofn veiðigjalds er ákveðinn. Í athugasemdum í greinargerð með frumvarpsdrögunum kemur fram að í gildandi lögum sé raunverulegt aflaverðmæti ekki sérstaklega ávarpað og þegar litið sé til verðmyndunar á opnum markaði þá endurspegli það aflaverðmæti sem miðað er við ekki raunverulegt aflaverðmæti í tilteknum nytjastofnum. Markmið frumvarpsins sé að tryggja að aflaverðmæti tiltekinna nytjastofna endurspegli betur raunverulegt aflaverðmæti og þar með réttlát auðlindagjöld fyrir aðgang að sjávarauðlindinni sem sýnileg hlutdeild í afkomu við veiðar á nytjastofnum sjávar. Í frumvarpinu er lagt til að miða við markaðsverð í Noregi til að nálgast betur raunverulegt aflaverðmæti norsk-íslenskrar síldar, annarrar síldar, kolmunna og makríls. Þá eru lagðar til breytingar á skráðu aflaverðmæti þorsks og ýsu.


Samtökin gagnrýna þann skamma umsagnafrest sem veittur var um málið. Sér í lagi í ljósi þess hversu umfangsmiklar breytingar um ræðir. Samkvæmt samþykkt ríkisstjórnar um undirbúning og frágang stjórnarfrumvarpa og þingsályktunartillagna frá 24. febrúar 2023 skal hæfilegur frestur gefinn til athugasemda um drög að lagafrumvörpum, a.m.k. 2 – 4 vikur. Veittur frestur var rúm vika.

Hvað varðar efnistöð framlagðra breytinga vilja samtökin koma eftirfarandi sjónarmiðum á framfæri.

Verðmæt þekking hefur myndast í iðnaði í kringum sjávarútvegin og hafa fjárfestingar í nýsköpun aukið verðmætasköpun sjávarútvegs verulega. Fjárfestingar sjávarútvegsins og þátttaka í þróun lausna hafa gert félagsmönnum samtakanna kleift að þróa fjölbreyttar hátæknilausnir og hugbúnað á heimsmælikvarða. Þessar lausnir hafa verið seldar á erlendum mörkuðum og skapað auknar útflutningstekjur og verðmæt störf fyrir íslenskt samfélag.

Þessi fyrirtæki reiða sig verulega á fjárfestingar sjávarútvegarins sem voru samkvæmt gögnum Hagstofunnar um 19 milljarðar króna á síðasta ári og viðlíka árið 2023.

Fjárfesting fiskvinnslu ma.kr. á verðlagi hvers árs



Í athugasemdum í greinargerð með frumvarpinu segir um mat á áhrifum að bent hafi verið á að aukin gjaldtaka kunni að skerða getu fyrirtækja til fjárfestinga í nýjum búnaði, skipum, vöruþróun, nýsköpun og öðru sem eykur framleiðni og skilvirkni og kunni því að hafa áhrif á verðmætasköpun til framtíðar. Segir enn fremur:

„Þrátt fyrir að hækkunin kunni að hafa áhrif á framlegð og hagnað, sérstaklega botnfiskútgerða, þá er ekki um svo mikla hækkun að ræða að hún hafi verulega neikvæð áhrif á fjárfestingagetu og þar með samkeppnishæfni sjávarútvegsfyrirtækja.“

Þá segir:

„Að teknu tilliti til framangreinds þá munu þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu ekki leiða til þess að fyrirtæki í sjávarútvegi verði verr sett en önnur fyrirtæki sem greiða skatta og gjöld. Þá fela breytingarnar ekki í sér áhrif á rekstrarfyrirkomulag fyrirtækja í sjávarútvegi né muni þær hafa áhrif á einstakar rekstrareiningar fyrirtækja í sjávarútvegi hvort sem er í veiðum eða vinnslu. Verður því að telja að frumvarpið, verði það að lögum, hafi óveruleg áhrif á samkeppnishæfni og fjárfestingagetu fyrirtækja í sjávarútvegi.“

Samtökin hafa, þrátt fyrir framangreinda umfjöllun, áhyggjur af því að draga muni verulega úr fjárfestingu sjávarútvegsfyrirtækjanna og þá sérstaklega í fiskvinnslu enda hefur það þegar verið gefið út. Því til viðbótar er fjölbreyttur iðnaður víðs vegar um land sem veitir margvíslega aðra þjónustu við fyrirtæki í sjávarútvegi, sér í lagi fiskvinnslur. Sumir félagsmenn SI hafa nú þegar fundið svo um munar fyrir samdrætti í viðskiptum vegna loðnubrests sem sýnir vel áhrif sjávarútvegs á iðnað. Félagsmenn SI hafa í umsögnum sínum vegna þessa máls bent á að fyrirhugaðar breytingar muni leiða til samdráttar í fjárfestingum, seinkunar á endurnýjun tækjabúnaðar, ruðningsáhrifa inn á aðra markaði og fækkunar starfa, sérstaklega í smærri byggðarlögum þar sem þjónusta við sjávarútveg er mikilvægur hluti af atvinnulífinu. Taka samtökin undir þessar ábendingar og áhyggjur og telja raunar líkur á að einhverjir þjónustuaðilar neyðist til að hætta starfsemi.

Það vekur sérstaka athygli SI að í frumvarpinu er hvorki að finna fullnægjandi mat á áhrifum á tækni-, þjónustu- og nýsköpunarumhverfi sjávarútvegarins, né mat á þeim afleiðdu ruðningsáhrifum sem gætu leitt til samdráttar í öðrum atvinnugreinum. SI telur að slíkt mat sé nauðsynlegt áður en ákvörðun verður tekin um breytingar sem hafa viðtæk áhrif á virðisbætur sjávarútvegs. Samtökin hvetja jafnframt stjórnvöld til að skoða hvort nauðsynlegt sé að grípa



til mótvægisáðgerða, t.d. hvata til fjárfestinga í fiskvinnslu og tækni, til að milda áhrif gjaldahækkunar og viðhalda framleiðslu, nýsköpun og samkeppnishæfni í sjávarútvegi og tengdum iðnaði, þar sem Ísland hefur lengi verið í forystuhlutverki meðal þjóða heims.

Að þessu sögðu eru samtökin reiðubúin til frekara samtals og samráðs um málið sé þess óskað.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka iðnaðarins

A handwritten signature in blue ink, reading 'Guðný Hjaltadóttir', is written over a horizontal line.

Guðný Hjaltadóttir
viðskiptastjóri á iðnaðar- og hugverkasviði